

1.0 Inngangur

Þetta vefrit fjallar um meðferð dýra síðustu sólarhringana fyrir slátrun, um aðferðir við aflifun og einnig um meðferð kjöts. Sérstök áhersla er lögð á velferð dýranna, þ.e. að góð meðferð dýra sé höfð að leiðarljósi. Samkvæmt dýraverndarlögum er skylt að fara vel með öll dýr. Þar stendur einnig að óheimilt sé að hrekkja dýr eða meiða og að forðast skuli að ofbjóða kröftum þeirra og þoli. Mannúðleg meðhöndlun sláturdýra stuðlar að auknum gæðum afurða. Ávinningur af góðri meðferð sláturdýra og kjöts er því mikill.

Margir þættir hafa áhrif á velferð sláturdýra og gæði afurða. Í 2. kafla er fjallað um fóðrun fyrir slátrun, um rekstur og flutning og aðstæður í sláturhúsi fyrir helstu búfjarategundir hérlendis. Í 3. kafla er greint frá aðferðum við slátrun. Að lokum er, í 4. kafla, fjallað um sýrustigsmælingar og kælingu kjöts. Orðskýringar og heimildir um efnið eru í 5. og 6. kafla. Efni um áferðarmælingar, litarmælingar, myndgreiningu, skynmat, upphengingu nautakjöts og raförvun nautakjöts er að finna í 1., 2. og 3. viðauka. Að lokum er listi yfir áhugaverða tengla er tengjast efni bæklingins.

Markmið með útgáfu þessa bæklingis er að bæta meðferð sláturdýra og kjöts og þar með að auka velferð dýra og kjötgæði. Bæklingnum er ætlað að upplýsa aðila sem vinna með sláturdýr um áhrif meðferðar á dýr og afurðir. Einnig er hér að finna upplýsingar um hvernig best sé staðið að sýrustigsmælingum og kælingu kjöts.

Eftirtaldir unnu efni vefrísins:

Birna Baldursdóttir, Rannsóknastofnun landbúnaðarins (RALA), var ritstjóri og skrifaði um svín og slátrun,

Guðjón Þorkelsson, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins (Rf), var ráðgjafi,

Jarle Reiersen, Embætti yfirdýralæknis (Yd), skrifaði um alifugla,

Jóhannes Sveinbjörnsson, Rannsóknastofnun landbúnaðarins (RALA), skrifaði um sauðfé,

Magnús Guðmundsson, Matvælarannsóknnum Keldnaholti (Matra), skrifaði um kjöt,

Óli Þór Hilmarsson, Matvælarannsóknnum Keldnaholti (Matra), skrifaði um kjöt,

Rósa Jónsdóttir, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins (Rf), skrifaði um kjöt,

Sigurður Örn Hansson, Embætti yfirdýralæknis (Yd), skrifaði um slátrun og

Torfi Jóhannesson, Landbúnaðarháskólanum Hvanneyri (LBH), skrifaði um nautgripi og hross.

Þeim er lásu handrit vefrísins er þakkað fyrir góðar ábendingar.

Guðjón H. Þorvaldsson (Rannsóknastofnun landbúnaðarins), vefstjóri Landbúnaðarvefsins, sá um uppsetningu á vefinn.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins, LBH, Matra, RALA, Rf og Yd styrktu gerð bæklingins.